

STARFSÁÆTLUN UMHVERFIS- OG TÆKNISVIÐS 2018

MÁLAFLOKKAR 03 að hluta, 07, 08, 09, 10, 11, 13 að hluta,
31
OG 32 að hluta



Efnisyfirlit

Starfsáætlun umhverfis-og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar	2
1. Leiðarljós	2
2. Hlutverk	2
3. Helstu verkefni og innra starf.....	3
4. Helstu verkefni yfirstandandi árs (2017).....	4
5. Meginverkefni næsta árs (2018).....	6
Greinargerð um breytingar og nýmæli	7
3ja ára áætlun	7

Starfsáætlun umhverfis- og tæknisviðs Dalvíkurbyggðar

www.dalvik.is

1. Leiðarljós

Umhverfis- og tæknisviði Dalvíkurbyggðar hefur að markmiði að veita trausta og góða þjónustu til allra íbúa Dalvíkurbyggðar innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarfélagsins.

Starfsmenn sviðsins leitast við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í hvívetna.

Mikilvægt er að starfsmenn sviðsins gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og gæti þagmælsku þar sem við á.

Ætlunarverk umhverfis- og tæknisviðs er að fullnægja þörfum og væntingum viðskiptavina sviðsins með því að veita þeim nútímanlega, áreiðanlega og skjótvirka þjónustu og ráðgjöf.

Leiðarljós umhverfis- og tæknisviðs eru:

- Að reyna ávallt að koma til móts við þarfir og væntingar viðskiptavina sinna innan marka laga, reglna og samþykktar sveitarstjórnar.
- Að leitast ávallt við að sýna viðskiptavinum sviðsins og samstarfsmönnum jákvæðni og þjónustulund og gæta jafnræðis í því sambandi.
- Að starfsmenn sviðsins vinni saman sem samstilltur hópur að markmiðum sviðsins.
- Að unnið sé eftir þjónustustefnu sveitarfélagsins.
- Að starfsmenn gæti trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins samkvæmt.
- Að leitast við að gera betur í dag en í gær og ennþá betur á morgun.
- Hámarksnýting og lágmarkssóun.

2. Hlutverk

Eftirfarandi málaflokkar falla að hluta eða í heild sinni undir umhverfis- og tæknisvið: 03 heilbrigðismál, 07 Brunamál og almannavarnir, 08 Hreinlætismál, 09 Skipulags- og byggingarmál, 10 Umferðar- og samgöngumál, 11 Umhverfismál, 13 Landbúnaðarmál, 31 Eignasjóður og 32 sem eru fjárfestingar eignasjóðs.

Viðskiptavinir sviðsins eru allir íbúar sveitarfélagsins en mikil samskipti eru einnig við verktaka á svæðinu. Það er einnig hlutverk sviðsins að vera öðrum sviðum og stofnunum Dalvíkurbyggðar til ráðuneytis um tæknileg málefni svo og byggðarráði og sveitarstjórn.

Framtíðarsýn umhverfis- og stjórnsýslusviðs er að tileinka sér kosti upplýsingartækninnar og nýjustu kenningar og tæki umhverfis, skipulags og byggingarmálum ásamt opinberri stjórnsýslu til að vinna að því að Dalvíkurbyggð verði meðal framsæknustu sveitarfélaga landsins sem veiti íbúum sínum gæðapjónustu.

Viðskiptavinir umhverfis- og tæknisviðs eru:

Ytri viðskiptavinir:

- Íbúar Dalvíkurbyggðar.
- Fyrirtæki í sveitarfélaginu.
- Allir sem leita eftir almennum upplýsingum um þjónustu og starfsemi Dalvíkurbyggðar.
- Ýmsar opinberar stofnanir og fyrirtæki.

Innri viðskiptavinir:

- Kjörnir fulltrúar Dalvíkurbyggðar.
- Fagsvið sveitarfélagsins, fyrirtæki og stofnanir sveitarfélagsins.
- Starfsmenn Dalvíkurbyggðar.

3. Helstu verkefni og innra starf

- heilbrigðismál.
- Brunamál og almannavarnir.
- Hreinlætismál .
- Skipulags- og byggingarmál .
- Umferðar- og samgöngumál .
- Umhverfismál
- Álagning fasteignagjalda
- Landbúnaðarmál
- Rekstur eignasjóðs.
- Fjárfestingar eignasjóðs.
- Almenn þjónusta við viðskiptavinir sveitarfélagsins, innri og ytri.
- Eftirlit og umsjón með hunda og kattahaldi.
- Ráðgjöf við önnur fagsvið og allar stofnanir og fyrirtæki sveitarfélagsins.
- Fundir umhverfis og landbúnaðarráðs.

Umhverfis- og tæknisvið er eitt af 5 fagsviðum sveitarfélagsins, sjá nánar skipurit Dalvíkurbyggðar.

Breytingar á þjónustuveri kláraðar

Ýmsar minni lagfæringar og endurbætur á stofnunum sveitarfélagsins.

• **Skipulagsmál:**

Nokkur deiliskipulög voru unnin á árinu og má þar helst nefna, deiliskipulag í landi Skáldalækjar ytri, í landi Snerru og við Kirkjuveg. Í vinnslu eru einnig deiliskipulög í Hólahverfi, túnahverfi, Lokastígsreit á ípróttasvæðinu á Dalvík og svo óveruleg breyting á Aðalskipulagi við Árskóg. Einnig er vinna við deiliskipulag Fólkvangsins í startholunum.

• **Byggingarmál:**

Eftir að ákveðið var að fella niður gantagerðargjöld við þegar byggðar götur hefur orðið töluverð eftirspurn eftir byggingarlóðum. Þegar er hafin bygging á einbýlishúsi á Árskógssandi og á einu húsi á Dalvík. Björböðin á Árskógssandi opnuðu núna í vor, en við þá framkvæmd var eftirlit nær vikulega. Einnig hefur verið úthlutað nokkrum byggingarlóðum á Dalvík sem gert er ráð fyrir að hafist verði handa við byggingar seinna á árinu eða í byrjun 2018. Þrjár fjósbyggingar eru einnig í byggingu í Svarfaðardal og ein norðan við Dalvík. Þessum framkvæmdum fylgja töluverðar úttektir og umsýsla á tæknideild.

Mikil vinna var lögð í afritun á teikningasafni sveitarfélagsins, en ráðin var starfsmaður í það verkefni í hlutastarf, og nú er stór hluti af teikningarsafni embættissins aðgengilegur á vef sveitarfélagsins. Það er þó þörf á áframhaldandi vinnu við þetta verkefni þar sem því er ekki lokið og eins bætast teikningar við.

Boðnar voru út ræstingar á þremur af stofnunum sveitarfélagsins eftir ítarlega vinnu við útboðs gögn.

• **Gatnaframkvæmdir.**

Lokið var við framkvæmdir við Svarfaðarbraut sunnan Mímisvegar, Karlsbraut yfirlögð, vegur að Árskógsskóla yfirlagður, Nýlögn við Flæðarveg og Skógarhóla milli raðhúsa, vegrið sett á ræsi yfir Brimnesá, vegur að Svæði lagfærður, götulýsing við Ægisgötu á Árskógssandi og eins lýsing á nýja stíginum að Krílakoti. Og síðan voru töluverðar lagfæringar á gangstéttum og kantsteinum.

• **Landbúnaðarmál.**

Áfram var haldið vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd og á vormánuðum var boðin út vinna og efni við þann áfanga sem ráðgert var að framkvæma í sumar.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Unnið er í samvinnu við sviðsstjóra félagsmálasvið og sveitarstjóra að byggingu sambýlis fyrir fatlað fólk í Dalvíkurbyggð.

- Flutningur tónlistaskóla og Símeypjar í Víkurröst.
- Undirbúningur vegna framkvæmda á hafnarsvæði í samvinnu við veitu- og hafnarsvið.
- Eigið eldvarnareftirlit (eldvarnarbandalagið) í samvinnu við VIS.
- Unnið er að umferðaröryggisáætlun í samvinnu við Vegagerðina.
- Endurskoðun á byggingarreglugerð í samvinnu við félag byggingafulltrúa.

5. Meginverkefni næsta árs (2018)

- Gert er ráð fyrir að farið verði í endurnýjun á rennibraut við Sundlaug Dalvíkur á árinu 2018.
- Eftirlit með byggingarframkvæmdum og öðrum þeim framkvæmdum sem heyra undir umhverfis- og tæknisvið.
- Undirritaður var skipaður í vinnuhóp vegna stefnu í búsetumálum fatlaðs fólks í Dalvíkurbyggð ásamt sviðsstjóra félagsmála og sveitarstjóra. Sótt hefur verið um stofnframlag frá Íbúðalánasjóði og gert er ráð fyrir að bygging hefjist á haustmánuðum 2018.

5.1 Verkefni sem byrjað var á 2017 sem mögulega halda áfram inn á árið 2018:

- Gert er ráð fyrir að vinna við deiliskipulag á fólkvanginum ofan Dalvíkur, deiliskipulag Laugarhlíðarhverfis, Skógarhóla, túnahverfis, Lokarstígsreit og íþróttasvæðis klárast á næsta ári, en sú vinna er í gangi 2017.
- Gert er ráð fyrir að haldið verði áfram vinnu við endurnýjun á fjallgirðingu á Árskógsströnd og eins þarf að setja vinnu í gerð samkomulags við alla landeigendur á svæðinu og í framhaldinu þinglýsa því sem kvöð á hverja jörð.
- Uppsögn á erðafestusamningum og gerð nýrra lóðarleigusamninga.
- Endurmæling á lóðum og gerð nýrra lóðarleigusamninga.
- Endurskoðun á gömlum leigusamningum beitar og ræktunarlanda.

Ný verkefni og verkefni í sívinnslu inn á árið 2018:

- Íbúðapening vegna sorpmála.
- Opnir íbúðafundir vegna skipulagsmála.
- Áhættumat; eftirfylgni og endurmat. Slökkviliðsstjóri heldur utan um verkefnið fyrir hönd Dalvíkurbyggðar.
- Gerð viðhaldáætlunar fyrir nýjan tæknibúnað sundlauga Dalvíkurbyggðar.
- Samþykktir og reglur er heyra undir umhverfis- og tæknisvið endurskoðaðar ef ástæða þykir til.
- Unnið verður áfram að því að minnka pappírnotkun bæði í sparnaðarskyni og út frá umhverfissjónarmiðum.

- Ytra mat og gæðastjórnun fyrir sviðið verði skoðuð í tengslum við markmiðasetningu sviðsins og ímynd sveitarfélagsins.

Samstarfsverkefni með öðrum sviðum og/eða stofnunum:

- Heilsueflandi Dalvíkurbyggð; unnið að þessu verkefni áfram með öðrum fagsviðum.
- Umhverfis og auðlindastefna.
- Umferðaröryggisáætlun.

Greinargerð um breytingar og nýmæli

Bílamál:

- Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs sviðs mun við gerð fjárhagsáætlunar 2018 óska eftir að keyptur verði vistvænn bíll fyrir embættið, en með auknum byggingarframkvæmdum og tilheyrandi eftirliti er sú fjárfesting nauðsynleg.

Búnaður og tæki:

- Með aukinni þörf á GPS mælingum er lagt til að ráðist verði í kaup á slíkum búnaði fyrir sveitarfélagið. Slíkur búnaður nýtist einnig veitum sveitarfélagsins og jafnvel mætti skoða þann möguleika að fjárfesta í búnaðinum í samvinnu við Fjallabyggð.

	Raun	Raun	Áætlað	Áætlað
Nokkrar lykiltölur umhverfis- og tæknisviðs:	2015	2016	2017	2018
Fjöldi útgefinna byggingarleyfa	11	10	12	15
Fjöldi útgefinna framkvæmdarleyfa	10	4	8	8
Fjöldi útgefinna búfjárleyfa	14	3	4	5
Sorpmagn	749 tonn	783 tonn	790 tonn	850 tonn
Fjöldi funda umhverfisráðs	14	13	12	13
Fjöldi funda landbúnaðarráðs	8	7	6	7

3ja ára áætlun

Forsendur

- Frekari eftirfylgni og uppbygging á rafrænni stjórnsýslu og miðlun upplýsinga, innri og ytri.
- Endurnýjun á tölvu- og hugbúnaði samkvæmt endurnýjunaráætlun.
- Endurnýjun og uppfærsla á hugbúnaði samkvæmt þarfagreiningu.
- Kaup og innleiðing á rafrænu úttektarkerfi frá One systems.

Efnahagur:

	2018	2019	2020	2021
Nýframkvæmdir gatna	40.000	45.000	50.000	55.000
Rennibraut við sundlaug Dalvíkur	35.000	0	0	0
Rafbifreið á umhverfis- og tæknisvið	5.000			

Börkur Þór Ottósson
Sviðsstjóri umhverfis- og tæknisviðs

Dalvíkurbyggð 04.10.2017